
Áfallaáætlun leikskólans Óskalands Hveragerði

**Áætlun um viðbrögð
við áföllum**

Endurskoðuð í maí 2021

Áfallaráð

Við Leikskólann Óskaland í Hveragerði er starfandi áfallaráð. Hlutverk ráðsins er að samræma aðgerðir sem gripið er til ef stór áföll verða í skólastarfi eða einkalífi barnanna eða starfsfólksins s.s. slys eða dauðsföll. Ráðið vinnur eftir áfallaáætlun leikskólans þar sem settir eru fram vinnuferlar til að styðjast við þegar áföll verða. Áfallaráð fer með verkstjórn og styður kennara/starfsfólk í aðhlyningu þeirra við börn/starfsfólk.

Í áfallaráði eru eftirtaldir aðilar:

Skólastjóri, Gunnvör Kolbeinsdóttir gunnvor@hveragerdi.is s: 8656297
Staðgengill skólastjóra, Guðlaug Jónsdóttir gudjo@hveragerdi.is s: 6611376
Sálfræðingar: Berglind Friðriksdóttir: berglind@arnesthing.is sími: 8482672,
Ragnar S. Ragnarsson ragnar@arnesthing.is sími: 8649099
Hjúkrunarfræðingur, Guðrún Kormáksdóttir gudrun.kormaksdottir@hsu.is
sími: 8646995
Sóknarprestur, Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir ninna.sif.svavarsdottir@kirkjan.is
sími: 8491321

Áríðandi símanúmer:

Neyðarlínan	112	Sjúkrabíll	112
Heilsugæslan	4322400	Slökkvilið	112
Sjúkrahúsið	432000	Sóknarprestur	8491321
Lögreglan	112		

Vinnuferli og viðbrögð við stóráföllum

1) Viðbrögð við langvinnum sjúkdómum

Starfsliði og börnum er greint frá því ef einhver úr hópi þeirra þarf að vera langdvölum burt úr skóla/starfi vegna alvarlegra veikinda. Viðkomandi deild og starfsliði er greint frá alvarlegum veikindum í fjölskyldu barns/starfsmanns.

2) Viðbrögð við slysum

Starfsliði og börnum er greint frá því ef einhver úr hópi þeirra hefur lent í alvarlegu slysi og þarf að vera langdvölum burt úr skóla/starfi af þeim sökum. Viðkomandi deild og starfsliði er greint frá alvarlegu slysi í fjölskyldu barns. Verði slys á barni/nemanda í leikskólanum á skólatíma hefur skólastjóri samband við forráðamenn þess barns sem í hlut á.

Verði slys á starfsmanni í leikskólanum á skólatíma hefur skólastjóri samband við aðstandendur.

Skólastjórnendur gæta þess að enginn fari heim úr skóla með rangar eða misvísandi upplýsingar um atburðina. Í því sambandi er mikilvægt að senda bréf með helstu upplýsingum heim með börnunum.

Sýni fjölmiðlar áhuga, er skólastjóri eini tengiliður skólans við þá. Allir aðrir skulu vísa á hann varðandi allar upplýsingar.

Slys í skólanum

Viðbrögð á slysstað

- Sá starfsmaður sem fyrstur er á vettvang, sér um að skólastjóra sé gert viðvart og að börnum sé haldið frá staðnum.
- Skólastjóri sér um að kalla til sjúkrabíl/lækni.
- Skólastjóri felur kennara (kennurum) ábyrgð á því að skrá niður og annast um þau sem urðu vitni að slysinu.
- Leggja ber áherslu á að börn sem kunna að verða vitni að slysinu fái viðeigandi áfallahjálp hjá sálfræðingi ef þörf krefur.
- Deildarstjóri/ aðrir kennarar og hjúkrunarfræðingur eru kvödd til eftir þörfum.

Næstu skref

- Skólastjóri tilkynnir heimilinu/heimilunum um slysið.
 - Sé um banaslys að ræða er fylgt venjulegum boðleiðum varðandi sjúkrahús/lögreglu/prest. (Presti ber að tilkynna nánustu aðstandendum andlát augliti til auglitis, sé þess nokkur kostur).
- Skólastjóri gerir starfsliði viðvart.
- Deildarstjórar greina frá atburðinum á deildum sínum.
 - Talið opinskátt og undanbragðalaust um atburðinn.
 - Leyfið börnunum að tala um hvað þau hugsa og finna.

Slys utan skólatíma

Viðkomandi starfsfólki og börnum tilkynnt um slysið.

Næstu dagar

Deildarstjórar sjá um að halda sambandi við fjölskyldu slasaðs barns og koma upplýsingum til deildarinnar. Athuga skal hvort heimsóknir eru mögulegar eða heppilegar. Sýna skal atburðinum virðingu án þess að velta sér upp úr honum – t.d. getur barnahópurinn sent kveðju.

Þegar barn kemur aftur í leikskólann

Deildarstjóri undirbýr deildina til að taka á móti viðkomandi og fylgist sérstaklega vel með líðan hans næstu vikur. Viðbragðamunstur verður ekki eins hjá öllum eftir slys. Takið vel eftir því að margir, sem ekki virðast sýna mikil viðbrögð í fyrstu eru líklegir til að sýna þau síðar.

Deildarstjóri vinnur alltaf náið með áfallaráði að úrlausn mála barna sinna.

3) Barn missir nákominn ættingja

- Skólastjóri / deildarstjóri fær staðfestingu á andláti.
- Andlát tilkynnt deildarstjóra og öðrum starfsmönnum sem koma að viðkomandi deild.
- Deildarstjóri / skólastjóri tilkynnir deildinni um atburðinn.
- Börnin fá tíma til að útbúa kveðju (t.d. bók) til viðkomandi barns.
- Deildarstjóri og skólastjóri færa barninu kveðjuna heim áður en hann kemur aftur í leikskólann.
- Deildin búin undir að taka á móti barninu þegar það kemur aftur í skólann – votta samúð, sýna nærgætni og leyfa viðkomandi að stjórna því hvenær og hvort hann vilji ræða það sem gerst hefur.
- Starfsfólk fylgist vel með líðan barnsins í kjölfarið og nýtir baklandið (skólasálfræðing, skólahjúkrunarfræðing) ef við á.

Gæta skal þess að hafa alltaf samráð við ættingja um aðgerðir skólans.

4) Andlát starfsmanns

- Skólastjóri fær staðfestar upplýsingar um andlátið.
- Áfallaráð kallað saman til að skipuleggja fyrstu viðbrögð, prestur, sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur beðnir að vera tiltækir eftir föngum.
- Starfsfólki tilkynnt um atburðinn og hvernig unnið verði með hann.
- Gæta þarf þess að náin skyldmenni hins látna við nám eða störf innan skólans hafi fengið fréttina áður en öðrum er tilkynnt um andlátið.
- Börnunum tilkynnt um atburðinn á deildum.
- Ef deildarstjóri fellur frá tilkynnir skólastjóri/prestur öðrum á deildinni um andlátið og þess skal gætt að sá kennari sem þekkir deildina vel annist hana það sem eftir er dags.

- Talið opinskátt og undanbragðalaust um það sem gerst hefur og gefið börnunum kost á að tala um það sem þau hugsa og finna.
- Þegar fregnin hefur verið flutt á allar deildir er flaggað í hálfu stöng.
- Upplýsingar sendar heim til barnanna.
- Samverustund haldin fyrir starfsfólkið samdægurs, eða svo fljótt sem auðið er.
- Minningarstund haldin með börnunum, helst næsta dag.
- Aðstandendur heimsóttir með kveðju frá skólanum.
- Minningargrein skrifuð fyrir hönd skólans.

5) Andlát nemanda

- Skólastjóri/deildarstjóri fær staðfestingu á andláti.
- Áfallaráð og viðkomandi deildarstjóri funda og fara yfir næstu skref. Sálfræðingur, prestur og hjúkrunarfræðingur beðnir að vera tiltækir eftir föngum.
- Starfsfólki tilkynnt um atburðinn og hvernig unnið verði með hann.
- Deildarstjóri/skólastjóri/prestur upplýsir alla á deildinni..
- Gæta þarf sérstaklega að nánnum skyldmönnum og vinum í húsinu.
- Þegar fregnin hefur verið flutt á allar deildir er flaggað í hálfu stöng.
- Upplýsingar sendar heim til allra nemenda.
- Samverustund haldin fyrir starfsfólkið samdægurs, eða svo fljótt sem auðið er.
- Minningarstund á deild barnsins, helst næsta dag í samráði við sóknarprest.
- Skólastjóri og deildarstjóri fara í heimsókn til aðstandenda.
- Sýni fjölmiðlar áhuga, er skólastjóri eini tengiliður skólans við þá. Allir aðrir skulu vísa á hann varðandi allar upplýsingar.

Gæta skal þess að hafa alltaf samráð við ættingja um aðgerðir skólans.

Eftirfylgd:

- Deildarstjóri fylgist vel með börnunum og leitar stuðnings í baklandinu (áfallaráði) eftir þörfum.

Mikilvægt er að átta sig á að sorgarviðbrögð nemenda geta verið mjög mismunandi:

- Sumir syrgja fljótt eftir andlátsfregninna. Aðrir sýna lítil eftirtektarverð viðbrögð fyrir en frá líður.
- Sektarkennd er dæmigerður þáttur í sorgarviðbrögðum barna og ungmenna. Hjá börnum tengist hún gjarnan því að þau geta eftir sem áður glaðst og leikið sér. Bæði hjá börnum og unglíngum tengist hún oft „magískri hugsun“: Dó hún vegna þess að ég sagði að hún væri vitlaus? Dó hann vegna þess að ég sparkaði einu sinni í hann? Hérna er afar mikilvægt að leiðbeina og leiðrétta.

Fjögur stig sorgarferlis:

- Áfallið: Tekur frá einu augabragði upp í nokkra sólarhringa.
- Viðbrögðin: Geta tekið margar vikur.
- Úrvinnslan: Getur tekið rúmt ár – eða meira.

- iv. Uppbygging – bati: Viðvarandi. Missirinn lætur eftir sig ör sem ekki hverfur en hægt er að búa við.
- Deildarstjórar skipuleggi vinnu fyrir börnin þannig að þau geti unnið með tilfinningar sínar í skapandi vinnu og/eða leik. Búi til stóra mynd, gróðursetji tré eða e-ð annað til minningar um hinn látna.
 - Börnin útbúi kveðju frá deildinni minningargrein, eða annað sem við á.
 - Gæta þarf að stuðningi við deildarstjóra og starfsfólk deildarinnar eftir þörfum.
Muna að háttbundinn hrynjandi skólastarfsins sefar ótta og kvíða.

Jarðarförin:

- Ákveða þarf hvort vera eigi minningarathöfn í skólanum.
- Kveðja send frá skólanum og skrifuð minningargrein fyrir hans hönd.
- Flaggað í hálfu stöng við skólann á jarðarfarardag.

6) Viðbrögð við náttúruhamförum

- Ef jarðskjálfti verður leiðbeina kennarar börnunum, rólega og yfirvegað, í öruggt skjól. Nærtækasta skjólið á deildinni er að fara undir borð, krjúpa þar og halda annarri hönd um höfuð sér en hinni um borðfót. „KRJÚPA – SKÝLA – HALDA”.
- Aðrir staðir þar sem börnin geta leitað eftir öruggu skjóli og þeim skal kennt að nota eru: Horn, þar sem burðarveggir mætast, dyraop eða hvar sem er undir vegg þar sem forðast má hrun. Kennari kemur sér fyrir þannig að hann hafi sem besta yfirsýn yfir deildina og geti fylgst með nemendum.
- Viðhalda á skýlingu í a.m.k. eina mínútu frá því að síðast varð vart hræringa.
- Mikilvægt er að fullorðnir tali róandi til allra barnanna svo koma megi í veg fyrir ringulreið. Foreldrar og forráðamenn vita af börnum sínum í skólanum og munu sækja þau þangað.
- **Mikilvægt – Ekki skal yfirgefa skólastofuna með hópinn nema undir stjórn skólastjórnanda eða starfsmanna Rauða krossins.**
- Þeir starfsmenn skólans sem ekki eru með umsjón með barnahóp, þegar skjálftinn verður, dreifa sér um skólann og aðstoða í stofunum.
- Skólastjórnendur og húsvörður athuga ástand byggingarinnar og gera þær ráðstafanir sem þarf til að tryggja öryggi barna og starfsfólks.

Eftir skjálfta er fyrsta verkefnið að draga úr líkum á frekara tjóni:

- Hlúa að slösuðum, ef einhverjir eru, og koma boðum til Neyðarlínunnar í síma 112.
- Athuga hvort eldur er laus og hvort lagnir hafi brostið o.s.frv.
- Athuga ástand byggingarinnar og meta hvort hún skuli yfirgefin (þar sem tillit sé einnig tekið til veðurs og hvar öruggt skjól er að hafa)
- Sé ákveðið að yfirgefa bygginguna er það gert fumlaut og án troðnings. Þá skal þess gætt að ekki sé staðið nær mannvirki utandyra en nemur hæð þess. Ef skólinn og skólasvæðið er yfirgefið, er það gert í samráði við almannavarnir.

- Þegar skóli hefst að nýju þarf að gefa börnum tíma til að ræða atburðinn og leyfa þeim að viðra tilfinningar sínar.
- Gæta þarf þess að börn og starfsfólk hafi aðgang að hjálp og stuðningi fagfólks við úrvinnslu atburðanna.

7) Viðbrögð við bruna

- Ef boð koma frá brunaviðvörðunarkerfi fer skólastjóri eða næsti yfirmaður og kannar hvað veldur boðunum í anddyri vestan megin. Ef ekki er eldur er kerfið endurstíllt. Ef eldur er laus skal sett í gang **NEYÐARÁÆTLUN!**
- Hringja í **112**
- Deildarstjóri á hverri deild tekur kladdann og felur öðrum starfsmanni að hafa nafnakall.
- Allir fara út stystu leið. Eldri deildir safnist saman við kastalann austan megin. Yngri deildir safnist saman við sandkassan vestan megin.
- Í vondum veðrum skal reynt að fá húsaskjól í næstu íbúðarhúsum
- Starfsfólk í mötuneyti fer stystu leið út og aðstoðar á yngri deildum
- Þegar rýmingu er lokið skal huga að slökkvistarfi
- Yfirmaður hverju sinni stjórnar aðgerðum þar til slökkvilið kemur